

Reykjavík, 22. nóvember 2024

Borgarbyggð**B.t. Ásgerður Hafsteinsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála**Sent til: adalskipulag@borgarbyggd.is**Efni: Umsögn Samorku um vinnslutillögu um aðalskipulag Borgarbyggðar**

Vísað er til vinnslutillögu að Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025 – 2037 sem kynnt var í skipulagsgátt á tímabilinu 26. september – 14. nóvember 2024. Þann 18. nóvember óskaði verkefnastjóri skipulagsmála hjá Borgarbyggð eftir umsögn Samorku og er hún veitt hér með. Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögnin berst.

Samorka fagnar þeirri vinnu sem unnin hefur verið við vinnslutillögu aðalskipulags Borgarbyggðar og lýtur að orkuframleiðslu með vindorku. Í tilefni af tillögunni eru settar fram eftirfarandi athugasemdir.

Vinnslutillaga að aðalskipulagi Borgarbyggða

Í greinargerð með tillögunni segir í kafla 4.4:

„Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) gildir um nýtingu vindorku yfir 10MW. Engin vindorkuver eru í rammaáætlun í Borgarbyggð og því eru engin vindorkuver á aðalskipulagi. Stefna um nýtingu vindorku er mótuð á grunni kortlagningar á mögulegum svæðum fyrir nýtingar hennar út frá fjarlægðum frá byggð, flutningskerfi og öðrum takmörkunum vegna landnotkunar. Sveitarfélagið mun taka ákvörðun um vindlundi þegar þeir hafa verið settir í nýtingarflokk rammaáætlunar. Takmarkanir vegna nýtingar vindorku eru sýndar á skýringaruppdráttum í forsenduhefti.“

Undir fyrisögninni **Stefna** í sama kafla segir svo:

„Við staðsetningu vindlunda skal tekið tillit til verndarsvæða, lands ofan 300 m hæðar yfir sjó, afmörkunar miðhálandisins, víðerna ofan 300 m. h.y.s., mikilvægra fuglasvæða, fjarlægðar frá byggð, línumannvirkjum og vegum. Takmarkanir vegna nýtingar vindorku hafa verið kortlagðar en auk þeirra skal hafa í huga sýnileika mannvirkja við ákvarðanir um nýtingu og ábata samfélagsins. Vindlundi og/eða hærri stakar vindrafstöðvar verða einungis heimilaðar ef fyrir liggur skilgreining svæðis í nýtingarflokki rammaáætlunar.“

Þá segir í skjali sem ber heitið Aðalskipulag Borgarbyggðar 2025 – 2037, forsendur og umhverfismatskýrsla, í kafla 5.1:

„Stefnumótun um nýtingu vindorku er mótuð á grunni kortlagningar á mögulegum svæðum fyrir nýtingu hennar út frá fjarlægð frá byggð, flutningskerfi og öðrum takmörkunum vegna landnotkunar. Sveitarfélagið mun taka ákvarðanir um vindlundi þegar þeir hafa verið settir í

nýtingarflokk rammaáætlunar. Takmarkanir vegna nýtingar vindorku eru sýndar á skýringaruppráttum aftast í forsenduhefti og á myndum 6 og 7. Kortlagningin takmarkana byggir á áþekkri aðferðarfræði og kortlagninga takmarkana í vindorkugreiningu sem unnin var fyrir Múlþing5 árið 2022. Í kortlagningunni eru takmarkanir þau svæði sem eru óhentug fyrir virkjun vindorku og útiloka slíka landnotkun. Takmarkanir voru valdar í samráði við vinnuhóp Borgarbyggðar um endurskoðun aðalskipulagsins.

Þær takmarkanir sem miðað var við í kortlagningu fyrir Borgarbyggð eru friðlýst svæði, valin hverfisvernduð svæði, óbyggð víðerni, jöklar, brunn- og grannsvæði vatnsverndar, svæði með landhalla yfir 30%, nærsvæði umhverfis byggð (1 km), vegi (0,1 km) og flutningsmannvirki raforkukerfisins (0,1 km), friðlýstar menningarminjar og 100 m friðhelgað svæði utan þeirra og hindranafletir flugvalla.

Sjónræn áhrif vindorkugarða eru talin[n] ein af helstu umhverfis- og samfélagsáhrifum þeirra en mat á sjónrænu áhrifunum veltur á ýmsum breytum svo sem staðsetningu vindorkugarðsins og hæð vindmyllanna. Áhrif sýnileika þarf að skoða fyrir hvern kost fyrir sig og erfitt að meta þau heildrænt fyrir stórt landsvæði eins og hér er til skoðunar. Áhrif á sýnileika í þessari greiningu fylgja öðrum viðmiðum í kring um byggð, þar sem 1 km fjarlægð er takmarkandi.

Niðurstaða kortlagningar á takmörkunum er ekki stefna sveitarfélagsins heldur er henni ætlað að vera þekkingargrunnur til að nýta við ákvarðanir um nýtingu vindorku í sveitarfélaginu. Við túlkun á niðurstöðu kortlagningarinnar þarf að hafa í huga að hún byggir á upplýsingum sem teknar hafa verið saman fyrir sveitarfélagið allt og miðast við þá þekkingu, gögn og lagaumhverfi sem liggur fyrir í dag (árið 2024). Greiningin byggir á ýmsum gögnum sem geta breyst, t.d. staðsetning vega og flutningslína og afmörkun verndarsvæða. Breytingar á þessum gögnum geta haft áhrif á hentugleika ákveðinna svæða og ráðlagt er að uppfæra kortlagninguna ef verulegar breytingar eiga sér stað á takmörkunum.“

Athugasemdir Samorku

Þegar kortið „Takmarkanir vegna vindorku I“ er skoðað, má sjá að langstærstur hluti lands sveitarfélagsins fellur undir takmörkunina.

Óljóst er af texta greinargerðarinnar og forsendna hvort hér sé um að ræða takmarkanir sem ekki verður vikið frá eða hvort hér sé um stefnu eða viðmið að ræða.

Þannig bendir orðalagið í greinargerð, þar sem segir að *taka skuli tillit til* tiltekinna svæða, til þess að um viðmið sé að ræða sem eðli máls samkvæmt verði útfærð og metin frekar með hliðsjón af einstökum verkefnum, umhverfismati þeirra og rannsókna sem verða gerðar um fýsileika verkefna og áhrif þeirra á náttúru og samfélag.

Í forsendum og umhverfisskýrslu og þeim myndum sem birtar eru, er hins vegar talað um takmarkanir en það orðalag bendir til þess að tiltekin svæði eigi að vera útilokuð frá þróun vindorku.

Er hér sérstaklega ástæða til að draga fram viðmið um takmörkun á svæði sem eru í landhalla yfir 30% og í 300 m. h.y.s. Óljóst er hver grundvöllur þessara viðmiða er og eðlilegra væri að setja slíkt fram sem almennt viðmið frekar en takmörkun. Þannig kunna aðstæður að vera þannig að slíkt svæði væru ákjósanleg fyrir vindorkunýtingu og rannsóknir á náttúru og samfélagi að sýna fram á að slíkt væri bæði hagkvæmt og æskilegt út frá sjónarmiðum um náttúruvernd, samfélag og byggð. Þannig þarf að passa

að viðmið séu sveigjanleg og byggi á tæknilegum lausnum, mati á hagkvæmni og áhrifum hvers verkefnis fyrir sig.

Varðandi viðmið um 300 m h.y.s. bendir Samorka sérstaklega á að slíkt viðmið sé of takmarkandi og ekki byggt á nægilegum rannsóknum. Vindhraði eykst almennt með hæð yfir sjávarmáli, sem getur gert hærri svæði ákjósanleg fyrir vindorku nýtingu. Þá er vert að nefna að eina vindorkuverið sem hafnar eru framkvæmdir við á Íslandi er einmitt í 200-300 m h.y.s. Því ætti að meta hvert svæði fyrir sig út frá staðbundnum aðstæðum fremur en að setja almennar hæðartakmarkanir.

Hætt er við því að fyrirframgefna takmarkanir um hæð eða annað útiloki fyrirfram svæði þar sem vindgæði eru mikil og sátt ríkir meðal landeigenda og nærumhverfis um nýtingu vindorku.

Samorka beinir því til sveitarfélagsins að gæta þess að svigrúm sé til athafna, þróunar í vindorku og tilheyrandi atvinnuuppbyggingu og ekki sé gengið lengra í því að takmarka þróun vindorkukosta en leiðir af lögum og í það minnsta verði fjarlægðar og hæðartakmarkanir settar fram sem viðmið en ekki takmarkanir.

Að lokum hvetur Samorka til þess að stefnumótun um nýtingu vindorku, hvort sem er á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga, byggist á faglegu mati og sveigjanleika, þar sem tekið er tillit til staðbundinna aðstæðna og tæknilegra lausna, fremur en að setja almennar takmarkanir sem geta hamlað þróun endurnýjanlegrar orku á Íslandi.

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um tillöguna.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur